

Hörgársveit



HÖRGÁRSVEIT

Gjaldskrá um akstursþjónustu í Hörgársveit 2026

1. gr.

Rétt til þjónustu eiga þeir sem hafa fengið samþykka umsókn skv. reglum um akstursþjónustu í Hörgársveit.

2. gr.

Notandi greiðir gjald fyrir hverja ferð sem er að hámarki 20 km. Fari vegalengd ferðar umfram 20 km greiðir notandi einnig gjald miðað við ekna kílómetra umfram 20 km. Ferð er skilgreind sem ferð á milli tengdra staða en ekki akstur fram og til baka. Aðstoðarmenn þeirra sem ekki geta ferðast án aðstoðar greiða ekki fyrir akstur.

3. gr.

Ein ferð akstursþjónustu fyrir fatlað fólk	1.190 kr.
Ein ferð annarrar akstursþjónustu	1.840 kr.
Gjald á km umfram 20 km	205 kr.

Gjald er í samræmi við ákvarðanir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis (akstursgjald). Gjald akstursþjónustu fyrir fatlað fólk miðar eina ferð við 20 km og 65% af akstursgjaldi. Gjald annarrar akstursþjónustu miðar við 20 km. Gjald á km umfram 20 km miðast við kílómetragjald Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis auk tímagjalds sem er reiknað út frá launataxta Einingar lðju 126-1 að viðbættu 6% persónu álagi, 13,04% orlofi og 25% launatengdum gjöldum deilt á 80 km/klst.

Gjald greiðist óháð því hvort fleiri samnýta ferð.

Þegar samið er við einstaklinga vegna aksturs skal taka mið af 65% af akstursgjaldi Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis.
Gjald á km. 92 kr.

4. gr.

Skrifstofa Hörgársveitar sendir út reikninga skv. akstursupplýsingum mánaðarlega.

Gjaldskráin er uppfærð í nóvember ár hvert.

Síðast uppfært 28. nóvember 2025